

*Alþingi*  
*Erindi nr. P 143/756*  
*komudagur 5.1.2014*

Nefndarsvið Alþingis  
Atvinnuveganefnd Alþingis  
Austurstræti 8-10  
105 Reykjavík

Reykjavík 5. janúar 2014

**Efni: Umsögn vegna frumvarps til laga um lax- og silungsveiði (ábyrgð félagsmanna í veiðifélögum), 198. mál.**

Landssamband veiðifélaga styður eindregið að fyrirbyggjandi frumvarp verði samþykkt sem lög frá Alþingi. Landssambandið tekur undir þau sjónarmið sem fram koma í greinargerð með frumvarpinu.

Þá vill LV einnig benda á að lögfesting reglu um ábyrgð félagsmanna í veiðifélögum á fjárskuldbindingum veiðifélags er til þess fallin að stuðla að gegnsæi og fyrirsjáanleika í samskiptum lánastofnana við veiðifélög og félagsmenn þeirra.

Landssamband veiðifélaga leggur því til að frumvarpið verði samþykkt óbreytt en gerir tillögu um smávægilega orðalagsbreytingu í textanum um athugasemdir með frumvarpinu. Þar segir:

*Samkvæmt því verður ekki hægt að ganga að öðrum eignum félagsmanns til greiðslu á fjárskuldbindingum veiðifélags en eignarhlut hans í skráðum eignum veiðifélags.*

Gerð er tillaga um að í stað eignarhlut komi arðskrárhlut. Telur LV að það sé skýrara orðalag og í betra samræmi við 37. gr. l. 61/2006.

Samsvarandi breyting verði gerð við athugasemd um 2. gr. frumvarpsins

Virðingarfyllst,

f.h. Landssambands veiðifélaga

Óðinn Sigþórsson formaður.